

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 30. nóvember 2022 klukkan 12:40

Titill

Sala Skálholtsjarða

Höfundur

Guðmundur Hálfðanarson (1956)

Tímarit

Saga

43. árgangur 2005

2. tölublað

Bls. 71-97

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/000881034>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

GUÐMUNDUR HÁLFDANARSON

Sala Skálholtsjarða

Fyrsta uppboð ríkiseigna á Íslandi, 1785–1798

Sala jarðeigna biskupsstólanna við lok 18. aldar og á fyrstu árum hinnar 19. var fyrsta umtalsverða sala ríkiseigna á Íslandi. Markmið hennar var að koma fjárhag stólanna á fastan grundvöll og auka um leið sjálfsábúð í landinu, því að ráðamenn þóttust þess fullvissir að sjálfseignarbændur nýttu jarðir sínar betur en leiguliðar. Hér er kannað hvernig tókst til við sölu um helmings þessara jarða, þ.e. jarðeigna Skálholtsstóls, en flestar þeirra voru boðnar upp á árunum 1785–1798. Leitað verður svara við því hverjir keyptu jarðirnar, hvernig kaupendunum hélst á jörðunum og hvort stólsjarðasalan ýtti undir jarðasöfnun stórlandeigenda eða jók sjálfsábúð til langframa á Íslandi.*

„Til þess að skilja hvernig á þessum ofsa hefir staðið verðum vér að hugleiða, að á seinni hluta ennar fyrri aldar fór að vakna fyrst umhyggja fyrir líkamligri velmegun þjóðanna og framför í handiðnum, kunnáttu, verzlun o.fl.“, varð Jóni Sigurðssyni að orði í grein um skóla á Íslandi sem hann birti í öðru bindi *Nýrra félagsrita*. Til efni ummælanna var sala jarðeigna biskupsstólanna tveggja, Skálholts og Hóla, en þær voru boðnar upp á nokkrum árum undir lok 18. aldar og við upphaf hinnar 19. í fyrstu umtalsverðu sölu ríkiseigna á Íslandi. Hugmyndin hér að baki var nokkuð svipuð og heyrir oft þegar ríkisfyrirtæki eru sett á markað nú um stundir, en vísindamönnum 18. aldar varð, að sögn Jóns Sigurðssonar, tíðrætt um „hversu frelsi atvinnuveganna er nauðsynligt til að ná framför í þeim; hversu að frelsi þetta er einmitt innifalið í því, að sem flestum sé gefinn kostur á að geta eignast og farið sjálfur með eign sína einsog manni finnst sér sjálfum haganligast, meðan hann gjörir engum órétt“. Þótt Jón tæki undir þessi samfélagsviðhorf frjálshyðisstefnunnar var hann þó ekki fyllilega sáttur við sölu stólsjarðanna sem slíka. Hér var farið með alltof miklu flaustri, fannst

* Greinin er byggð á aldarfjórðungsgamalli námsritgerð sem ég skrifaði í námskeiði Önnu Agnarsdóttur, Ísland og umheimurinn 1785–1820, sem hún kenndi við Háskóla Íslands á haustmisseri 1980. Þakka ég henni gagnlegar athugasemdir við ritgerðina.

honum, því að þegar slíkar eignir eru boðnar upp verður að gæta þess að selja ekki

svo ódt, að maður hleypi jarðaverðum stiptananna niður undir það, sem er eðliligt verð fasteigna á hverri tíð, því þó margir einstakir menn og landið allt hafi ábata á því að efnunum til, þá verður ekki greiðgengið að, að leggja á alþýðu gjald til stiptunarinnar, þegar hún kemst í þrot ...¹

Að baki þessari gagnrýni Jóns lá annars vegar sú trú að þegar á reyndi væri löndum hans ekki treystandi til að fjármagna menningar- og menntastofnanir landsins með sómasamlegum hætti, og því væri mikilvægt að biskup og latínuskóli hefðu fastar tekjur af eigin fasteignum. Hins vegar þótti honum fjárstjórn dönsku stjórnarinnar Íslendingum óhagkvæm. Hið fyrri byggðist á biturri reynslu Jóns, því að samtímamenn hans íslenskir sýndu sjaldnast mikið örlæti þegar kom að opinberum fjárútlátum til mennta- og menningarmála. Hið síðara var aftur á móti algengt stef í sjálfstæðisbaráttunni, enda var stólsjarðasalan gjarnan höfð til merkis um óstjórn Dana á Íslandi og flumbrugang stjórnarinnar í málefnum þjóðarinnar. „Þessar þjóðeignir voru nú aleiga landsins, en nú og síðan var mikill þorri þeirra seldr í fumi og ekki fyrir hálfvirði“, segir t.d. Guðbrandur Vigfússon, þá styrkþegi Árnasafns í Kaupmannahöfn, um sölu opinberra jarða í grein í *Nýjum félagsritum* árið 1861, og bætir við: „Þetta varð þó ærið fé, er inn kom, en allt það tók stjórnin í sinn sjóð, og hefir síðan aldrei gjört landinu full skil fyrir, hvorki rentum né höfuðstól.“²

Slíkar skoðanir voru lengi ríkjandi í íslenskri sagnaritun, enda var það lenska meðal íslenskra sagnfræðinga að finna stjórn Dana á Íslandi flest til foráttu. Þorkatli Jóhannessyni prófessor sýndist þannig það „ísjárverð ráðstöfun“ að ráðast í sölu Skálholtsjarða á tímum einnar mestu atvinnukreppu Íslandssögunnar, en stjórnin hafi gripið til þessa örþrifaráðs í því skyni „að sneiða hjá því, að konungssjóður biði halla“ vegna móðuharðindanna. Hann viðurkenndi þó að aðrar hvatir kunni að hafa legið að baki þessum aðgerðum stjórnarinnar en ábatavonin ein, því að með þeim hafi einnig verið ætlunin að bæta kjör íslenskrar bændastéttar, auka sjálfsábúð og draga úr kvöðum á leiguliða.³ Á síðustu árum hafa viðhorf

1 Jón Sigurðsson, „Um skóla á Íslandi“, *Ný félagsrit* 2 (1842), bls. 130–132.

2 G[udbrandur] V[igfússon], „Um sjálfsforræði“, *Ný félagsrit* 21 (1861), bls. 110.

3 Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VII. Tímabilið 1770–1830* (Reykjavík 1950), bls. 162–165. — Björn Teitsson segir svipaða sögu í *Eignarhald og ábúð á jörðum*

í garð stólsjarðasölnunnar mildast meðal íslenskra sagnfræðinga og sjónum hefur verið beint að jákvæðari hliðum hennar. Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson segja t.a.m. í yfirlitsriti sínu um Íslandssögu að þorri Skálholtsjarða hafi verið seldur bændum um 1790, og þar hafi ráðið ferð danskir bændavinir sem vildu létta álögum af starfsbræðrum sínum á Íslandi,⁴ og undir þetta hefur verið tekið í öðrum nýlegum ritum.⁵

En þótt ýmislegt hafi verið skrafað um sölu stólsjarðanna hafa sagnfræðingar ekki lagt sig eftir því að rannsaka hana ofan í kjölinn.⁶ Þetta stafar ekki af heimildaskorti, því að gögn um stólsjarðasölnuna í skjalasöfnum eru bæði mikil að vöxtum og tiltölulega aðgengileg. Álit manna á þessum aðgerðum hefur þar af leiðandi fremur byggst á yfirlýstum markmiðum stjórnvalda, eins og þau birtust í reglugerðum og auglýsingum, eða á óraunsæjum hugmyndum um verðmæti eignanna,⁷ en á því hvernig tókst til við sölnuna í raun. Til að bæta úr skorti á upplýsingum um raunverulegan árangur stólsjarðasölnunnar verður tæpur helmingur hennar tekinn til athugunar hér, þ.e. sala jarða Skálholtsstóls á árunum 1785–1798, með það í huga að kanna tilgang jarðasölnunnar og meta hvernig til tókst. Rannsóknin nær einungis til jarða Skálholtsstóls, enda þótt Hólastóll hafi verið heldur ríkari af jarðeignum af stólnum tveimur, m.a. vegna þess að aðgengilegar heimildir eru til um eignarhald á fyrrverandi jörðum Skálholts nokkrum árum eftir að salan fór fram, en það á ekki við um Hólajarðir.⁸ Þetta er mikilvægt þegar kemur að því að meta árangur jarðasölnunnar þegar til lengri tíma er litið, eins og síðar verður vikið að.

¹ *Suður-Þingeyjarsýsla 1703–1930. Sagnfræðirannsóknir 2* (Reykjavík 1973), bls. 96–97.

⁴ Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga* (Reykjavík 1991), bls. 256.

⁵ Sjá t.d. *Íslenskur söguatlas II. Frá 18. öld til fullveldis*. Ritstj. Árni Daniél Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (Reykjavík 1992), bls. 52–53.

⁶ Undantekning hér á er könnun Gísla Magnússonar á sölu Hólajarða í Skagafirði, sjá: Gísli Magnússon „Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802“, *Skagfirðingabók* 5 (1970), bls. 95–164.

⁷ Sbr.: Jón Sigurðsson, „Um fjárhagsmálið“, *Ný félagsrit* 22 (1862), bls. 74–77.

⁸ Þetta eru jarðabækur sem teknar voru um allt landið á árunum 1801–1805, sjá: *ÞÍ. Rtk. Jarðabækur V*, nr. 1–22.

Orsakir jarðasölnunnar

Í ódagsettri reglugerð um sölu Skálholtsjarða frá árinu 1785, sem liggur í skjölum landsnefndarinnar síðari, skýra stjórnvöld í stuttu máli frá markmiðum sínum með stólsjarðasölnunni. Í fyrsta lagi var ætlun þeirra að koma fjármálum stólsins á fastari grundvöll en verið hafði því að jarðeignir höfðu ekki reynst traustur grunnur fyrir fjárhag biskupsembættisins og stólsskóla í hörðu árferði 18. aldar. Um þetta segir svo í reglugerðinni:

bæði eðli málsins og reynsla síðustu 200 ára, sem sést af ítrekuðum kvörtunum úr öllum áttum, hefur sannfært oss um það að mjög skaðlegt og óhagkvæmt er að reka opinberar stofnanir af þessum toga fyrir óvissar tekjur af jarðeignum ...⁹

Með jarðasölnunni var því ætlunin að koma til móts við þarfir biskupsins, sem hafði kvartað sáran yfir tekjumissi vegna harðinda og fjárkláða á síðari hluta 18. aldar, og þá ekki síst í móðuharðindum.¹⁰ Í öðru lagi vildu stjórnvöld auka sjálfsábúð á Íslandi með sölu stólsjarðanna og efla með því framfarir í búnaði Íslendinga. Þetta var stutt þeim rökum að sjálfsábúð væri allajafna hentugri fyrir efnahag landa en leiguábúð, því að, svo vitnað sé í áður nefnda reglugerð um jarðasölnuna, „leiguliðinn ræktar aldrei jörð sína jafn vel og sá sem situr sömu jörð með fullum eignaryfirráðum og erfðarétti“.¹¹ Hugmyndin var vitanlega sú að fullur eignarréttur yfir ábýlisjörðum hvetti bændur til framkvæmda og umbóta, því að hann tryggði að bændurnir sjálfir og erfingjar þeirra nytu þess hagnaðar sem hlaut af þeim jarðabótum sem þeir lögðu út í. Trúin á sjálfsábúð var reyndar ein forsenda efnahagsstefnu danskra stjórnvalda á ofanverðri 18. öld og kom hún fram í ýmsum öðrum

9 ÞÍ. Skjöl landsnefndarinnar síðari, Bréf nr. 31. Á frummálinu hljómar tilvitnunin svo: „baade Sagens naturlige Beskaffenhed og Erfarenhed som udj 200 Aar haver viist paa alle Sider iderlige Klager, haver Os overbeviist om at det er meget skadeligt og ubequemt at lade bestaae saadan en publici Stiftelses Indkomster i uvisse Jordegods Indtægter ...“

10 Slæmar heimtur landsskulda koma skýrt fram í reikningshaldi stólsins á árum móðuharðinda, sbr. ÞÍ. Stm., III-204. „Regning for Skálholts Bispestoels Oeconomie fra Fardag 1784 til Fardag 1785“; sjá einnig: Páll E. Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga* VI. *Tímabilið 1701–1770* (Reykjavík 1953), bls. 345–352. — Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga* VII, bls. 139–151.

11 „Leylændingen aldrig saa godt dyrker sin underhavende Jord, som den der besidder samme med fuld Eyendom og Arverettighed“.

aðgerðum þeirra í Íslandsmálum á þessum árum.¹² Þetta var ekki ný hugmynd, því að í erindisbréfi landsnefndarinnar fyrri frá árinu 1770 var lagt til að nefndin kannaði hvort ekki væri þéanlegt fyrir framfarir landsins að selja opinbert góss, en ekkert varð þó úr framkvæmdum í það sinn.¹³ Augljósasta leið stjórnarinnar til að draga úr leiguábúð var að selja jarðeignir ríkis og kirkju á Íslandi. Ástæðan fyrir þessu var ekki síst sú að konungur og kirkja voru langumsvifamestu landeigendur á Íslandi á 17. og 18. öld, en ríflega helmingur jarðeigna mun hafa verið í opinberri eigu á þessum tíma.¹⁴ Slíkar jarðir gátu eðli málsins samkvæmt ekki verið í sjálfsábúð og því var kjörið að selja þær ábúendum ef fjölga átti sjálfseignarbændum. Það að sala opinberra jarðeigna hófst með uppboðum á jörðum Skálholtsstóls helgaðist aftur á móti af því að fjárhagur stólsins var ekki aðeins kominn í þrot á þessum tíma vegna móðuharðinda, heldur neyddust stjórnvöld til að endurskoða framtíð biskupssetursins eftir að nær öll hús í Skálholti höfðu hrunið í miklum jarðskjálfta árið 1784.¹⁵ Hagkvæmasta lausn vandans var, að mati stjórnarinnar, að leggja Skálholtsstól niður og flytja embættið til Reykjavíkur. Um aldamótin 1800 fór Hólastóll sömu leið þegar stofnað var eitt biskupssembætti fyrir landið allt með aðsetur í Reykjavík. Þessar breytingar voru liður í tilraunum stjórnarinnar til að koma á einni miðstöð stjórnvalds á Íslandi, sem átti þar með að þjóna sem höfuðstaður hjálendunnar, en þessi viðleitni kom einnig fram í flutningi Alþingis frá Þingvöllum árið 1799, afnámi þess með stofnun Landsyfirréttar í Reykjavík árið 1801 og flutningi stiftamtmanns til Reykjavíkur árið 1806.¹⁶

12 Sjá t.d. umsögn Rentukammers vegna skipunar jarðamatsnefndarinnar á Íslandi árið 1800, *Lovsamling for Island VI* (Kaupmannahöfn 1856), bls. 453.

13 „Instruction for den islandske Landcommission“, 22. maí 1770, *Lovsamling for Island III* (Kaupmannahöfn 1854), bls. 672.

14 Skálholtsstóll átti 7,2% jarða á Íslandi við lok 17. aldar og Hólastóll 8%, sbr.: Björn Lárússon, *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Skrifter utgivna av ekonomisk-historiska föreningen XXXV (Lundi 1982), bls. 37.

15 Sbr. Jón Helgason, *Hannes Finnsson biskup í Skálholti* (Reykjavík 1936), bls. 149–151.

16 Sjá: Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VII*, bls. 103–126. — Jónas Gíslason, „Kirkjuleg yfirstjórn á Íslandi flyzt til Reykjavíkur“, *Reykjavík miðstöð þjóðlífs*. Helgi Þorláksson og Kristín Ástgeirsdóttir sáu um útg. (Reykjavík 1978, 2. útg.), bls. 62–78. — Einar Hreinsson, *Nätverk och nepotism. Den regionala förvaltningen på Island 1770–1870* (Gautaborg 2003), bls. 63–65.

Í áðurnefndri reglugerð um uppboð Skálholtsjarða báru stjórnvöld af sér allar sakir um að þau ætluðu sér að hagnast á sölunni. Markmið þeirra væri þvert á móti að koma fjármálum og skipulagi biskupsstólsins á varanlegan og nútímalegan grundvöll, eða eins og segir í reglugerðinni:

viljum vér selja allar jarðeignir sem tilheyra nefndu Skálholtsstifti á opinberu uppboði til hæstbjóðenda, með fullum eignaryfirráðum og erfðarétti, og er hagur vorra kærur og trúu þegna í landinu eflur með þessu á margvíslegan hátt. Og þar sem markmið vort með þessari breytingu er ekki annað en það að skjóta hagfelldari og tryggari stöðum undir þessa mikilvægu stofnun, þá munum vér, ef salan kemur til með að skapa stærri höfuðstól en sem skilar árlega, með 4 prósent vöxtum, þeim 2500 rd. sem ákveðnir voru af oss, nýta það sem umfram tilfellur til að bæta hag skólans; en á móti munum vér alls ekki lækka upphæðina þótt svo fari að höfuðstóllinn sem fæst verði minni en það sem nauðsynlegt er til að ná umræddri upphæð með árlegum vöxtum.¹⁷

Af þessu er ekki að sjá að stjórnvöld hafi viljað rýra hag íslensku þjóðarinnar með sölu jarða Skálholtsstóls. Þvert á móti töldu þau að þessi ráðstöfun myndi bæta hag Íslendinga, þótt óhagstæð þróun í dönskum peningamálum hafi orðið til þess að grafa undan áætlunum stjórnarinnar um fjárveitingar til biskups og skóla á öðrum áratug 19. aldar. Þannig ætlaði stjórnin alls ekki að stinga andvirði jarðanna undan í ríkishítina, heldur skyldu tekjur af sölunni mynda sjóð sem duga átti, með eðlilegri ávöxtun, til að standa undir rekstri biskupssembættisins og rekstri stólsins um alla framtíð.¹⁸ Stjórnin

17 Þí. Skjöl landsnefndarinnar síðari. Bréf nr. 31. Orðrétt hljómar tilvitnunin svo: „... vil Vi ved offentlig Auction til de Høisbydende lade sælge det samtlige til bemeldte Skalhólts Stift henlagte Gods, med fuld Eiendom og Arverettighed, hvorved Vore kiære og troe Undersatters beste der i Landet paa meer end en Maade bliver befordret. Og da Vi ved denne Forandring ingen anden Hensigt have end det at sætte denne saa vigtige Anstalt paa en fordeelagtigere og bestandigere Foed, saa ville Vi i Fald ved Salget skulde udbringes en større Capital end hvis Renter a 4 pcent. opnaaer den af Os bestemte aarlige Summe af 2500rd, lade samme Overskud anvende til Skolens beste; hvorimod den ingenlunde skal blive formindsket i Fald at det udbringende Capital bliver mindre, end udfordres til udj aarlige Renter at modtage den omtalte Summe.“

18 Þetta var almennt viðurkennd skoðun á 19. öld, sem sést best af því að þótt ekki væru kollegar Jóns Sigurðssonar í svonefndri fjárhagsnefnd, en hún var skipuð árið 1861 til að gera tillögur um fjárhagsskilnað Íslands og Danmerk-

var jafnvel reiðubúin að tryggja lágmarksfjármögnun þessara stofnana ef salan gengi illa, en sjálfsagt hafa ýmsir verið uggandi um hana í ljósi bágs ástands landsins þegar tilskipunin var gefin út.

Jarðasalan

Sala Skálholtsjarða hófst sumarið 1785 samkvæmt auglýsingu sem birt var 27. apríl það ár.¹⁹ Með auglýsingunni fylgdi listi yfir jarðir stólsins, þar sem tilgreint var mat jaðanna í landaurum miðað við uppsetta landskuld ársins 1781 og þær kvaðir sem hvíldu á landsetunum.²⁰ Uppboðin skyldu fara fram á þingstöðum hreppanna, nema á stólsjörðum á Austurlandi, í Skaftafellssýslum og á Ströndum, en þær jarðir átti að bjóða upp á Alþingi árið 1786.²¹ Fyrirkomulag uppboðanna var hefðbundið, þ.e. jarðirnar skyldu slegnar hæstbjóðendum, en ofan á hæsta uppboðsverð fyrir jarðirnar sjálfar lögðust 6 ríkisdalir fyrir hvert fast leigukúgildi sem fylgdi þeim samkvæmt gamalli hefð.²² Lágmarksverð jarða var ákveðið 6 rd. kúrant fyrir hvert hundrað í jarðamati, og var því ákvæði fylgt án undantekninga. Langflestar jarðanna seldust nálægt lágmarksverðinu, eða fyrir 6–7 rd. hvert hundrað. Sem dæmi má nefna að árið 1788 voru 147 mönnum slegnar jarðir eða jarðarhlutar og fengu 116 þeirra (79% kaupenda) jarðirnar fyrir 6 rd.–6 rd. 95 sk. hvert hundrað. Einungis 8 (5%) þurftu að greiða 8 rd. eða meira fyrir hvert hundrað, þannig að í flestum tilvikum virðist ekki hafa verið ýkja mikið kapp í boðunum.²³ Fyrir kom þó að jarðir seldust fyrir

ur, sammála útreikningum hans á því hversu mikið Danir skulduðu Íslendingum, þá gengu þeir allir út frá því sem vísu að ríkissjóði bæri að greiða Íslendingum vexti af andvirði seldra konungs- og stólsjarða, sbr.: *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1865 síðari partur, bls. 35, 38–39, 51–55 og 72–74.

19 „Rentekammer-Plakat ang. Conditionerne for Salget af Skálholts Bispestols Jordegods“, 27. apríl 1785, *Lovsamling for Island V* (Kaupmannahöfn 1855), bls. 144–155.

20 „Jarðabók yfir Skálholts biskupsstóls jarðagóz“, *Lovsamling for Island V* (Kaupmannahöfn 1855), bls. 166–175. — Um kvaðir, sjá: Bjarni Thorsteinson, *Om kongelige og andre offentlige Afgifter, samt Jordebogs Indtægter i Island* (Kaupmannahöfn 1819), bls. 156–163. — Þorvaldur Thoroddsen, *Lýsing Íslands III* (Kaupmannahöfn 1919), bls. 58–65.

21 „Rentekammer-Plakat“, bls. 145.

22 Sama rit, bls. 151.

23 ÞÍ. Stm. III-204. Bréf Magnúsar Stephensens til stiftamtmanns 22. og 25. ágúst og 3. sept. 1788. Mun meiri munur var á söluverði jarða Hólastóls, en þar

miklu hærra verð, eins og t.d. Ferjunes í Stokkseyrarhreppi sem seldist á 338 rd. 32 sk. með fjórum kúgildum, eða fyrir 12 rd. 64 sk. hvert hundrað.²⁴

Magnús Stephensen, þá laganemi við háskólann í Kaupmannahöfn og skrifari í Rentukammeri, en síðar lögmaður norðan og vestan og síðast fyrsti dómstjóri Landsyfírréttar, stjórnaði uppboðunum á flestum jarða Skálholtsstóls.²⁵ Erfitt virðist að ásaka hann um augljósa hlutdrægni þótt ýmsir honum tengdir hafi verið áberandi við jarðakaupin.²⁶ Má í því sambandi taka dæmi af uppboðum í heimabyggð hans, Sveitunum sunnan Skarðsheiðar, en þar var víða óvenju kappsamlega boðið. Hvergi var keppnin þó harðari en um jarðirnar Bekanstaði og Klafastaðagrund í Skilmannahreppi,²⁷ en fyrri jörðin var metin til 10 hundraða en hin síðari á 2½ hundrað samkvæmt fornu mati.²⁸ Í Klafastaðagrund buðu hver á móti öðrum feðgarnir þrír, Ólafur Stefánsson og synir hans Stefán og Magnús Stephensen — Magnús og Stefán þó í umboði annarra — en í Bekanstaði þeir Magnús og Ólafur, Magnús aftur í umboði annars manns. Þrátt fyrir vensl keppinautanna, og augljósa hagsmunarárekstra uppboðshaldarans, fóru boðin þó þannig að lokum að báðar jarðirnar seldust á nálægt 10 rd. fyrir hvert hundrað, eða langt yfir meðalverði jarða í þessum sveitum.²⁹

Jarðasalan hófst samkvæmt áætlun sumarið 1785, en hún gekk þó heldur dræmt í byrjun nema helst í Gullbringusýslu og Borgar-

virðist hæst hafa verið greitt fyrir Hólastað sjálfan, rúmlega 41 rd. fyrir hvert hundrað á meðan allmargar jarðir seldust fyrir minna en 4 rd. hvert hundrað, sjá: Gísli Magnússon, „Sala Hólástólsjarða“, bls. 161–162.

24 Þf. Stm. III-204. Bréf Magnúsar Stephensens til stiftamtmanns 25. ágúst 1788.

25 Sbr.: „Rentekammerets Instruction for Magnus Stephensen, som Commisarius ved Salget af Skalhólts Bispestóls Jordegods“, 29. apríl 1785, *Lovsamling for Island V* (Kaupmannahöfn 1855), bls. 175–181. Um ævi Magnúsar, sjá: Ingi Sigurðsson, *Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens* (Reykjavík 1996), bls. 11–22.

26 Dæmi eru þó um að Stefánungar hygluðu sínu fólki, sbr. sölu jarðarinnar Úthlíðar í Biskupstungum, sbr.: Einar Hreinsson, *Nätverk och nepotism*, bls. 168–170.

27 Þf. Stm. III-204. Bréf Magnúsar Stephensens til stiftamtmanns, 25. ágúst 1788.

28 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IV* (Kaupmannahöfn 1925–1927), bls. 45 og 116.

29 Ólafur amtmaður fékk Klafastaðagrund á 10 rd. 6 sk. hvert hundrað, en Magnús Bekanstaði, í umboði Péturs Jónssonar, bónda á Hvammi í Kjós, fyrir 9 rd. 12 sk. fyrir hundraðið.

SALA SKÁLHOLTSJARÐA

79

Tafla 1
Sala Skálholtsjarða eftir sýslum og árum, 1785–1798.

	Ár														
	1785	86	87	88	89	90	91	92	93	94	95	96	97	98	Óseldar
Sýsla	1785	86	87	88	89	90	91	92	93	94	95	96	97	98	Óseldar
Rangárvallas.				19		5			5						29
Árnessýsla	6			112,5		50,5			23					15	207
Gullbringus.	4	1		3		1									9
Kjósarsýsla	2														2
Borgarfjarðars.	19	1		9	6									1	36
Mýrasýsla				1											1
Strandasýsla						2									2
Þingeyjarsýsla						1									1
S-Múlasýsla														2	2
A-Skaftafellss.														9	9
V-Skaftafellss.														1	1
Alls	32	2	0	144,5	6	59,5	0	0	0	28	0	0	0	15	299

Heimildir: Þf. Stm. III-204. „Contra Bog over det som afbetales paa de solgte Skálholts Bispestoels Jorder“ og „Jarðabók yfir Skálholts biskupsstóls jarðagóz“, *Lövsamling for Island V* (Kaupmannahöfn 1855), bls. 166–175.

Aths.: Nokkrar skekkjur eru í lista yfir jarðir Skálholtsstóls sem birtur er með auglýsingu um jarðasölu. Flestar þessar skekkjur eru leiðréttar í bréfi Magnúsar Stephensens til stiftamtmanns 26. ágúst 1785 (Þf. Stm. III-204) og er tillit tekið til þess í töflunni.

firði.³⁰ Þannig seldust fáar jarðir í Rangárvalla- og Árnessýslum fyrr en árið 1788, en langstærsti hluti Skálholtsjarða var seldur árin 1788 og 1790. Skipulegum uppboðum var síðan hætt árið 1798, en þá voru nær allar jarðir Skálholtsstóls seldar nema jarðir Bjarnar-nessumboðs í Austur-Skaftafellssýslu, Núpsstaður í Vestur-Skaftafellssýslu og tvær jarðir á Austurlandi sem seldust ekki fyrr en löngu síðar.³¹ Stafar þetta sennilega af því að þessar jarðir áttu að seljast á Alþingi, eins og áður sagði, en ekki heima í héraði og virðist því hafa verið erfitt að skapa áhuga á uppboði þeirra.

Skilmálar við jarðasöluna

Eins og áður var nefnt var ætlun stjórnvalda með Skálholtsjarðasölnni ekki síst sú að ýta undir kaup leiguliða á ábylisjörðum sínum og stuðla þannig að aukinni sjálfsábúð. Ekki var þó margt í skilmálum stjórnarinnar um jarðasöluna sem studdi þessi áform. Jarðirnar skyldu í öllum tilvikum seldar hæstbjóðanda og fengu leiguliðar þar engan forgangsrétt umfram aðra, nema þann að þeir máttu ganga inn í hæsta boð ef þeir vildu eða gátu. Af lýsingum á uppboðum að dæma virðast flestir leiguliðar hafa verið hvattir til að bjóða í þær jarðir sem þeir sátu, en margir þeirra tjáðu að þeir treystu sér ekki til að greiða uppsett lágmarksverð.³² Greiðsluskilmálar við jarðakaupin voru þeir að kaupendur áttu að greiða 1/6 kaupverðsins strax á uppboðsstað eða sem fyrst eftir að jörðin var slegin þeim. Á næstu sex árum skyldu þeir síðan greiða annan sjöttahluta kaupverðsins, en afganginn, þ.e. tvo þriðjunga kaupverðsins, máttu kaupendurnir skulda eins lengi og þeim sýndist gegn greiðslu 4% ársvaxta í ríkissjóð. Allt átti að greiðast í peningum, en þó leyfðist kaupendum jarðanna að borga skuldir með því að leggja vörur inn hjá kaupmönnum, og átti það fyrirkomulag að gilda „á meðan octroyeruð höndlun [þ.e. einokunarverslun] við-

30 Sjá t.d. lýsingu á uppboði Skálholts: *ÞÍ*, Stm. III-204. Bréf Magnúsar Stephensens til stiftamtmanns, 27. júlí 1785.

31 Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi* (Kaupmannahöfn 1847), bls. 416. Það ber að athuga að Jón miðar ekki við söluár jarðanna í skrá sinni yfir seldar Skálholtsjarðir (bls. 416–423), heldur útgáfudag afsala konungs, en þau fengu kaupendur ekki fyrr en þeir höfðu greitt 1/6 kaupverðs og helming gjalds fyrir kúgildin (sbr.: „Rentekammer-Plakat“, bls. 150). Skrá Jóns og töflu 1 ber því ekki fyllilega saman.

32 Sjá: *ÞÍ*, Stm. III-204. Bréf Magnúsar Stephensens til stiftamtmanns.

helzt í landinu“, eins og segir í söluskilmálunum.³³ Helmingur söluverðs kúgildanna skyldi aftur á móti greiðast strax við söluna, en afgangur þess lagðist síðan við eftirstöðvar jarðarverðsins og var meðhöndlaður á sama hátt og þær. Leiguliðar nutu í öllum aðalatriðum sömu greiðslukjara og aðrir kaupendur. Undantekning frá þeirri reglu var þó sú að þeir fengu þriggja ára greiðslufrest á fyrsta sjöttahluta kaupverðsins, en urðu að greiða þriðjung þess innan sex ára frá kaupdegi eins og aðrir. Að auki var leiguliðum ekki gert að greiða helming kúgildaverðs í upphafi eins og öðrum kaupendum, heldur lagðist verð kúgildanna við jarðarverðið strax frá kaupdegi.³⁴

Þótt leiguliðar nyttu ekki verulegra ívilnana við kaup á jörðum Skálholtsstóls var ýmislegt í söluskilmálum stjórnvalda sem átti að stuðla að bættum kjörum leiguliða á þessum jörðum í framtíðinni ef þær héldust áfram í leiguábúð. Í fyrsta lagi var leiguliðum, sem bjuggu á jörðum við söluna, tryggður festarréttur, eða lífstíðarábúð, og því mátti ekki byggja leiguliðanum út nema honum væri útveguð önnur jörð jafngóð til að búa á. Þetta gekk beinlínis gegn þeirri venju í íslensku samfélagi að leiguliðum væru aðeins leigðar jarðir til eins árs í senn, en óljóst er hvort þessu ákvæði var nokkurn tíma fylgt eftir eða hvort það taldist gilda fyrir aðra leiguliða en þá sem sátu jarðirnar þegar þær voru seldar. Í öðru lagi var bannað um alla framtíð að heimta kvaðir (svo sem mannslán, hestalan og dagsverk) af leiguliðum á fyrrverandi Skálholtsjörðum. Að síðustu voru föst leigukúgildi aftekin af þessum jörðum þótt leiguliðum og landeigendum væri heimilt að semja um leigu þeirra ef þess var óskað.³⁵

Af skilmálum við jarðasöluna sést því að stjórnvöld ætluðu sér ekki aðeins að auka sjálfsábúð á Íslandi heldur einnig að draga úr þeim mun sem var á milli jarða í leigu- og sjálfsábúð á Íslandi. Þetta var í samræmi við viðhorf ýmissa danskra embættismanna, en þeir höfðu það stundum á orði að íslenskir starfsbræður þeirra, sem voru gjarnan landeigendur, fylgdu slælega eftir reglugerðum sem stjórnin setti til að verja réttindi leiguliða á Íslandi.³⁶ Þegar á reyndi

33 „Rentekammer-Plakat“, bls. 148.

34 Sama rit, bls. 150–151.

35 Sama rit, bls. 149–152.

36 Sjá: Guðmundur Jónsson, „Sambúð landsdrottna og leiguliða. Yfirvöld skrifa um leiguábúð 1829–35“, *Saga XXVI* (1988), bls. 65–67. Í slíkri gagnrýni var oft vísað til tilskipunar frá 15. maí 1705, þar sem reynt var að koma í veg fyrir meintan yfirgang landeigenda gagnvart leiguliðum, sjá: „Forordning om adskillige Misbrugers Afskaffelse udi Island“, *Lovsamling for Island*, bls. 623–624.

breyttu söluskilmálarinnir þó litlu, því að mannlán voru áfram heimtuð *in natura* (þ.e. í friðu), a.m.k. af sumum leiguliðum fyrrverandi Skálholtsjarða, og stjórnvöld virðast ekki hafa gert neitt til að fylgja afnámi þeirra eftir.³⁷ Jafnvel Magnús Stephensen, sem þekkti skilmálana vel, hélt áfram að krefja leiguliða á öllum jörðum sínum í Akraneshreppi um leigur af kúgildum og róður á skipum, og gildi þar einu hvort um fyrrverandi Skálholtsjarðir var að ræða eða ekki.³⁸ Af heimildum frá því um miðja 19. öld má einnig sjá að kúgildaleigur voru áfram lagðar á leiguliða fyrrverandi Skálholtsjarða jafnt og á aðra leiguliða á Íslandi,³⁹ enda litu íslenskir landsdrottinnar á þær sem órjúfanlegan hluta jarðarafgjalda frekar en leigu fyrir bústofn.⁴⁰ Það má segja landeigendum til afbötunar að hugur virðist tæplega hafa fylgt máli hjá stjórninni hvað þetta varðar, þar sem hún reiknaði bæði kvaðir og kúgildi inn í söluverð jarðanna við uppboðin. Af þeim sökum var ekki óeðlilegt að kaupendur litu á þessar álögur sem hluta af jarðeigninni og því réttmæta eign sína.⁴¹ Magnús Stephensen bendir einmitt á þetta í ritgerð sem hann skrifaði nálægt lokum Skálholtsjarðasölunnar, en þar segir hann að sú staðreynd að kvaðir voru seldar með jörðunum gæfi nýjum eigendum lagalegan rétt til að krefjast greiðslu af leigjendum fyrir þær, þótt það væri bannað í skilmálum, „ef ei í ródri, þá í annari hugnun“ eins og hann orðar það.⁴² Þessi afsökun hreinsar þó ekki Magn-

37 Sbr. ummæli Jóns Thorstensens landlæknis á Alþingi 1847, *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, bls. 418–420.

38 Sbr. skýrslu sýslumanns Borgarfjarðarsýslu og bréf dags. 13. febr. 1830. Meðal eigna Magnúsar á Akranesi voru Skálholtsjarðirnar Eystra- og Vestra-Heynes og Gerði, sem Magnús fékk í arf frá föður sínum, og var leiguliðum allra þessara jarða gert að halda úti báti landsdrottins allt árið og greiða Magnúsi leigur af einni kú og níu mjólkurám; *ÞÍ*. Skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna, Borgarfjarðarsýsla I, 1. Bréfabók 1828–1831. Færslur nr. 260–261.

39 Þetta má t.d. sjá í alþingistollaskýrslum, en þar er oftast bæði tilgreind upphæð landskulda og kúgildaleigna og hvernig afgangurinn voru greidd: *ÞÍ*, Stm. III-665 o.áfr.

40 *Lbs.-Hbs.* Guðmundur Hálfðanarson, *Afkoma leiguliða 1800–1857*. B.A.-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands 1980, bls. 13–18.

41 Þetta voru helstu rök þeirra sem vildu heimta greiðslu fyrir niðurfellingu kvaða á slíkum jörðum, en ekki voru allir sammála þeim skilningi, sbr. umræður um kvaðir á Alþingi árið 1847, *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, bls. 370–386, 416–428 og 454–455.

42 Magnús Stephensen, „Nockur þegnskyldu= sekta= og önnur laga=útgjöld og tekjur“, *Margvíslegt Gaman og Alvara* (1798), bls. 117.

ús að öllu leyti, því að mannlán voru af einhverri ástæðu hvergi reiknuð inn í verð Skálholtsjarða í Borgarfjarðarsýslu, enda þótt þeim öllum hafi fylgt kvaðir um skipsáróður á Akranesi samkvæmt fornri venju.⁴³ Eins gátu eigendur jarðanna bent á að konungur afnam ekki beinlínis mannlán af eigin jörðum þegar bátar konungs voru seldir og útgerð á hans vegum aflögð árið 1787, heldur breytti stjórnin þeim í peningagreiðslur. Og það er allsendis óvíst að leiguliðum í peningalausum landi hafi hentað betur að greiða slíkar álögur í beinhörðum peningum en í fríðu með því að róa á báti landsdrottins.⁴⁴

Kaupendur Skálholtsjarða

Af gögnum um jarðasöluna má ráða að vilji stjórnvalda til að auka sjálfsábúð gekk ekki fyllilega eftir, þótt ekkert sé hægt að fullyrða um hvað stjórnin taldi viðunandi árangur hvað þetta varðar. Í það minnsta er ljóst að mikill minnihluti seldra Skálholtsjarða (tæpur þriðjungur) lenti í höndum þeirra sem leigðu þær við söluna, en rúmlega tvær af hverjum þremur jarðanna voru keyptir af öðrum.

Tafla 2

Seldar Skálholtsjarðir 1785–1798 flokkaðar eftir kaupendum.

Sýsla	Leiguliðar		Aðrir		Alls
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Rangárvallasýsla	10	34,5	19	65,5	29
Árnessýsla	69,5	33,6	137,5	66,4	207
Gullbringusýsla	4	44,4	5	55,6	9
Kjósarsýsla	0	0,0	2	100,0	2
Borgarfjarðarsýsla	4	11,4	31	88,6	35
Mýrasýsla	1	100,0	0	0,0	1
Strandasýsla	0,5	25,0	1,5	75,0	2
Þingeyjarsýsla	1	100,0	0	0,0	1
	90	31,5	196	68,5	286

Heimildir: Þf. Stm. III-204. „Contra Bog“ og bréf Magnúsar Stephensens til stiftamtmanns.

43 Sbr.: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IV.*

44 „Kongelig Resolution ang. Beregningen af Jordafgifter og Skatter“, 13. júní 1787. *Lovsamling for Island V* (Kauþmannahöfn 1855), bls. 470–474, sbr. tilskip-

Tafla 2 segir þó ekki alla söguna um aukningu sjálfsábúðar við sölu Skálholtsjarða, því að allmargir leiguliðar sem bjuggu annars staðar notuðu sér tækifærið sem bauðst til að kaupa aðrar jarðir, sem þeir fluttust síðan á og gerðust þar með sjálfseignarbændur. Sem dæmi um það má nefna Arnodd Andrésón, bónda og leiguliða Skálholtsbiskups á Jötu í Hrunamannahreppi (Ytra-Hreppi) í Árnessýslu, en hann keypti ekki ábýlisjörð sína, heldur nágrannajörðina Kotlaugar á uppboði árið 1790 og rúmum áratug síðar bjó hann þar sem sjálfseignarbóndi. Með samanburði á gögnum um sölu Skálholtsjarða í skjalasafni stiftamtmanns og jarðabókum í Rentukammerssafni frá upphafi 19. aldar má sjá a.m.k. 17 önnur dæmi um slíka flutninga,⁴⁵ og þau kunna reyndar að hafa verið fleiri því að allmargir kaupendur Skálholtsjarða voru sjálfsagt látnir þegar jarðabækurnar voru gerðar og aðrir höfðu misst þær í hendur annarra.⁴⁶ Erfitt er því að geta sér til um með nokkurri vissu hversu stór hluti Skálholtsjarða var í sjálfsábúð um einhvern tíma eftir jarðasöluna, en hlutfall þeirra lá sjálfsagt einhvers staðar á bilinu þriðjungur til helmingur þeirra jarða sem seldar voru.

Sú hætta fylgir jafnan umfangsmikilli sölu ríkiseigna að efnamenn noti sér tækifærið til að styrkja samfélagsstöðu sína enn frekar, enda hafa þeir oft bolmagn til að yfirbjóða efnaminni kaupendur. Þetta var nokkuð rætt við sölu íslenskra ríkisbanka á árunum 2002–2003, en ýmsir stjórnálamenn vildu tryggja dreifða eignaraðild við söluna, m.a. til þess að koma í veg fyrir það sem þeir töldu óæskilega samþjöppun valds.⁴⁷ Dönsk stjórn-

un með sama heiti, 29. júlí 1779. *Lovsamling for Island IV* (Kaupmannahöfn 1854), bls. 503–509.

45 Sjá *ÞÍ. Stm.* III-204. „Contra Bog“ og *ÞÍ. Rtk.* Jarðabækur V, 5 (Rangárvallasýsla 1803), 7 (Árnessýsla, 1803), 8 (Gullbringusýsla, 1803), 9 (Kjósarsýsla, 1801), 10 (Borgarfjarðarsýsla, 1804), 11 (Mýrasýsla, 1804), 17 (Strandasýsla, 1805) og 22 (Þingeyjarsýsla, 1805).

46 Dæmi um hið síðastnefnda voru jarðirnar Mástungur (Gnúpverjahreppi), Arnarstaðir (Hraungerðishreppi), Tunga (Gaulverjabæjarhreppi) og Eystri Loftstaðir (Gaulverjabæjarhreppi), en árið 1803 voru upphaflegir kaupendur þessara jarða orðnir leiguliðar aftur samkvæmt jarðabók; sjá *ÞÍ. Stm.* III-204, „Contra Bog“ og *ÞÍ. Rtk.* Jarðabækur V, 7.

47 Sjá t.d.: Utandagskrárumræða á Alþingi 3. okt. 2002, *Vef.* „Krafa um dreifða eignaraðild við sölu á hlut ríkisins í ríkisbönkunum“, <http://www.althingi.is/alttext/128/10/103103319.sgml>, sótt 21. júní 2005. — „Stjórnarandstæðingar kalla eftir dreifðri eignaraðild“, *Morgunblaðið* 4. okt. 2002.

völd voru greinilega svipaðs sinnis þegar gengið var til sölu Skálholtsjarða, því að í söluauglýsingu Rentukammers var sérstakt ákvæði sem meinaði öllum, „hver sem helst vera kynni, meira að kaupa en 1½ hundrað jarðarhundrað“.⁴⁸ Þetta markmið stjórnvalda virðist að mestu hafa gengið eftir, a.m.k. dreifðust jarðirnar á mjög marga kaupendur og enginn einn einstaklingur komst yfir gríðarlegan fjölda jarða við söluna.

Tafla 3

Kaupendur Skálholtsjarða flokkaðir eftir fjölda jarða á hvern kaupanda.

Fjöldi jarða á hvern kaupanda	Fjöldi kaupenda	%	Jarðir	%
≤ 1	191	85,3	183	63,8
2	17	7,6	34	11,8
3	8	3,6	24	8,4
4+	8	3,6	46	16,0
	224	100,1	287	100,0

Heimild: Sjá töflu 2.

Aths.: Kaupum Hannesar Finnssonar og ekkju hans, Valgerðar Jónsdóttur, annars vegar og kaupum Jóns sýslumanns Jónssonar á Móeiðarhvoli og ekkju hans, Sigríðar Þorsteinsdóttur, hins vegar er slegið saman í töflunni en báðar ekkjurnar keyptu jarðir að eiginmönnum sínum látnum.

Af töflu 3 má ráða að töluverður fjöldi einstaklinga nýtti sér tækifærið sem bauðst með sölu Skálholtsjarða. Yfirgnæfandi meirihluti kaupenda keypti aðeins eina jörð eða jarðarbút, en nokkrir efna menn nýttu sér þó tækifærið til að bæta allverulega við jarðeignasafn sitt. Innbyrðis tengsl stórkaupenda eru einnig athyglisverð, en í hópi stærstu kaupendanna voru, eins og við mátti búast, nokkrir af helstu embættismönnum landsins.

⁴⁸ „Rentekammer-Plakat“, bls. 151. Ekki er fyllilega ljóst hvort miðað er við lítið (100) eða stórt (120) hundrað í þessum skilmálum, þ.e. hvort hámark keyptrar jarða var 150 eða 180 jarðarhundrað, en þar sem hundraðareikningar í jarðamati miðuðust við stórt hundrað (120 álnir jafngiltu einu hundraði) er síðari talan allt eins líkleg.

Tafla 4

Tíu stærstu kaupendur Skálholtsjarða, 1785–1798 (miðað er við keypt hdr.).

	Jarðir			Kaupverð	
	Hdr.	Ál.	Fj.	Rd.	Sk.
Hannes Finnson biskup Skálholti og Valgerður Jónsdóttir	224	100	5	1448	68½
Halldór Finnsson prófastur Hítardal	187		7	1212	29
Bessi Sigurðsson bóndi Klausturhólum*	170	80	5	1045	18
Jón Jónsson sýslumaður Móeiðarhvoli og Sigríður Þorsteinsdóttir	153	40	4	987	93½
Markús Magnússon stiftsprófastur Görðum	147		3	964	30
Eyvindur Jónsson bóndi og lögréttum. Skógtjörn	145		3	872	81½
Ólafur Stefánsson amtmáður Viðey	139	40	9	902	98
Jón Finnsson prestur Hruna	131	40	6	888	51½
Einar Bjarnason**	125		1	1119	2
Gíslí Thorarensen prófastur Odda	121		6	869	67½

Heimildir: Sjá töflu 2.

Aths.: *Bessi þessi var sonur sr. Sigurðar Ketilssonar á Svalbarði og var áður bryti í Skálholti, sbr.: Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940 IV* (Reykjavík, 1951), bls. 244 og *DÍ. Lestrarsalur* (ljósrit). „Ættartölubækur Jóns Espólíns“, II, d. 1457.

**Ekki er vitað hvar þessi maður bjó. Hann keypti jörðina Járngerðarstaði, sem var langstærsta og dýrasta jörð Skálholtsstóls, en hann virðist ekki hafa verið búsettur þar þegar jörðin var keypt; sbr.: *DÍ. Skjalasafn sýslumanna og sveitarstjórna, Gullbringu- og Kjósarsýsla. XXIV, 1–2. Búnaðarskýrslur 1779–1802. Árið 1803 var jörðin í eigu Valgerðar Jónsdóttur; sbr.: DÍ. Rtk. Jarðabækur V, 8, Gullbringusýsla.*

Af hinum „tíu stóru“ reyndust þrír vera bræður, þ.e. Hannes, Halldór og Jón Finnssynir, Jónssonar biskups í Skálholti.⁴⁹ Virðast þeir

49 Fjórði bróðirinn, Steindór, sýslumaður á Oddgeirshólum í Árnessýslu, ætti sennilega með réttu að tilheyra þessum flokki einnig, þótt þær fjórar jarðir sem hann keypti á uppboðum undir eigin nafni dugi ekki til að fleyta honum upp í hóp stórkaupendanna. Hann bauð að auki í jörðina Þorlákshöfn fyrir Helga Sigurðsson, aðstoðarrekter í Skálholti, og fékk, en Magnúsi Stephensen þóttu kaupin grunsamleg þar sem hann efaðist um að Helgi væri borgunarmaður fyrir jörðinni (*DÍ. Stm. III-204. Bréf Magnúsar Stephensens til stiftamtmanns, 27. júlí 1785*). Kom líka í ljós að Steindór var talinn eigandi jarðarinnar í öllum heimildum eftir það (sjá t.d. *DÍ. Skjalasafn landfógeta. C-61. Aðalbók landfógeta fyrir árið 1789*). Helgi kann að hafa verið skrifaður fyrir kaupunum til að koma í veg fyrir að eign Steindórs færi yfir löglegt hámark keyptrá

bræður hafa verið ríkir af lausafé á þessum tíma, og kann það að stafa af því að faðir þeirra lést árið 1789.⁵⁰ Þetta má ráða af því að Halldór keypti fimm af sjö Skálholtsjörðum sínum á einu ári (1790) og greiddi þær allar út í hönd. Hannes bróðir hans var álíka stórtækur, en árið 1788 keypti hann þrjár jarðir sem hann greiddi einnig út í hönd. Bræðurnir eru ágætir fulltrúar fyrir stórkaupendur Skálholtsjarða. Þessir kaupendur greiddu yfirleitt jarðir sínar upp sama ár og þeir keyptu þær og voru því greinilega bæði vel aflögufærir um fé og viljugir til að ávaxta það á þann tryggasta hátt sem þeim bauðst, þ.e. í jarðeignum. Þess má reyndar einnig geta að báðir tengdafaður Hannesar eru á lista stórkaupendanna tíu, en Þórunn, fyrri kona hans (látin í febrúar 1789), var dóttir Ólafs Stefánssonar amtmanns og Valgerður, síðari kona hans (þau giftust í september 1789), var dóttir Jóns Jónssonar, sýslumanns á Móeiðarhvoli, og Sigríðar Þorsteinsdóttur.⁵¹ Þetta þarf reyndar ekki að koma á óvart því að ættir íslenskra háembættismanna voru allar rækilega samtvinnaðar á 18. öld.⁵²

Eigendur jarðanna 1801–1805

Í greiðslupróttókollum Skálholtsjarða er aðeins greint frá því hverjir keyptu jarðirnar en þar kemur hvergi fram hverjir áttu þær eftir að upphaflegum eigendum voru slegnar jarðirnar.⁵³ Eins eru kvittanir, sem gefnar voru út fyrir greiðslu vaxta eða afborgana af jörðunum, ávallt stílaðar á upphaflega kaupendur þeirra og breytti þar engu þótt jarðirnar hefðu síðar skipt um eigendur.⁵⁴ Svo heppilega vill þó til að jarðabækur sem gerðar voru um allt land vegna nýs jarðamats á árunum 1801–1805 tilgreina bæði ábúendur og eigend-

jarða, en um það verður ekkert fullyrt. Hér er því miðað við að Helgi hafi átt jörðina í upphafi, enda eru engar óyggjandi heimildir um annað.

50 Sbr.: Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940 II* (Reykjavík 1949), bls. 10–11.

51 Sjá: Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár II*, bls. 310. Til gamans má geta þess að þegar Hannes og Valgerður giftu sig árið 1789, var það sr. Gísli Thorarensen, prófastur í Odda, tíundi stórkaupandinn á listanum, sem gaf þau saman; sbr.: Jón Helgason, *Hannes Finnsson*, bls. 183.

52 Sbr.: Einar Hreinsson, *Nätverk och nepotism*, bls. 118–133 og víðar.

53 Sjá: *ÞÍ. Stm.* III-204. „Contra Bog“ og *ÞÍ. Rtk.* 22.1. Ýmisleg skjöl varðandi sölu Skálholtsjarða.

54 Sjá: *ÞÍ. Stm.* III-205–206. Kvittanir fyrir greiðslum vegna sölu Skálholtsjarða 1788–1798.

ur allra jarða á Íslandi, og þar eru fyrrverandi Skálholtsjarðir vitanlega meðtaldar.⁵⁵ Reyndar er nokkur galli á gjöf Njarðar að jarðabækurnar voru gerðar á fimm ára tímabili, og því gilda upplýsingar þeirra ekki um einn ákveðinn tíma. Þetta kemur þó ekki svo mjög að sök í þessu tilviki þar sem þær voru teknar nokkurn veginn á sama tíma, eða á árunum 1803–1804, í þeim fjórum sýslum þar sem flestar Skálholtsjarðirnar voru staðsettar (Rangárvalla-, Árnes- og Gullbringusýslum árið 1803 og Borgarfjarðarsýslu 1804).

Tafla 5

Ábúð á fyrrverandi Skálholtsjörðum 1801–1805.

	Sjálfsábúð		Leiguábúð		Alls
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Rangárvallasýsla	11	37,9	18	62,1	29
Árnessýsla	67¼	32,7	139¼	67,3	207
Gullbringusýsla	1	11,1	8	88,9	9
Kjósarsýsla	0	0,0	2	100,0	2
Borgarfjarðarsýsla	2	5,6	34	94,4	36
Mýrasýsla	1	100,0	0	0,0	1
Strandasýsla	0	0,0	1	100,0	1
Þingeyjarsýsla	0	0,0	1	100,0	1
	82¼	28,9	203¼	71,1	286

Heimild: ÞÍ. Rtk. Jarðabækur V, 5, 7–11, 17 og 22.

Af töflu 5 má ráða að sjálfsábúð hafði heldur dregist saman á fyrrverandi Skálholtsjörðum um miðjan fyrsta áratug 19. aldar frá því sem verið hafði fyrst eftir sölna (sbr. töflu 2). Samdrátturinn var jafnvel enn meiri en kemur fram í töflunum því að eins og áður sagði má ætla að sjálfsábúð hafi verið útbreiddari á Skálholtsjörðum á fyrstu árunum eftir sölu þeirra en upplýsingar um kaupendurna gefa til kynna. Niðurstaðan virðist því ótvírætt vera sú að tilraunir stjórnvalda til að auka sjálfsábúð í landinu með sölu Skálholtsjarða tókust ekki sem skyldi, af því að bæði lenti tiltölulega lítill hluti jarðanna í höndum fyrrverandi leiguliða við sölna og svo misstu margir hinna nýju sjálfseignarbænda jarðir sínar í hendur annarra fljótlega eftir kaupin og féllu við það á ný niður í stétt leiguliða.

55 Sjá: ÞÍ. Rtk. Jarðabækur V, 1–22.

SALA SKÁLHOLTSJARÐA

89

Tafla 6

Eigendur fyrrverandi Skálholtsjarða flokkaðir eftir fjölda jarða í eigu hvers eiganda, 1801–1805.

Fjöldi jarða á hvern eiganda	Fjöldi eigenda	%	Jarðir alls	%
≤ 1	182	84,3	164,5	57,5
2	17	7,9	34	11,9
3	7	3,2	21	7,3
4+	10	4,6	66,5	23,3
	216	100,0	286	100,0

Heimild: Sjá töflu 5.

Þegar á heildina er litið er þó ekki að sjá að miklar breytingar hafi orðið á dreifingu eigna frá sölu Skálholtsjarða til byrjunar 19. aldar, en þó hefur hlutur stóreigenda aukist nokkuð á kostnað hinna smæstu. Þessi þróun sést betur ef listi yfir stærstu eigendurna er skoðaður.

Tafla 7

Tíu stærstu eigendur fyrrum Skálholtsjarða, 1801–1805.

	Fjöldi jarða	Hdr.	Ál.
Valgerður Jónsdóttir Skálholti, ekkjja Hannesar Finnssonar biskups	13,5	574	80
Steindór Finnsson sýslumaður Oddgeirshólum	10	229	
Ólafur Stefánsson stiftamtmaður Viðey	12	180	40
Anna Rasmusdóttir, ekkja Eyvinds Jónssonar bóna á Skógtjörn	3	145	
Jón Finnsson prestur Hruna	5	132	40
Eyjólfur Jónsson bóndi Sviðholti	3	121	
Halldór Finnsson prófastur Hítardal	4	118	
Gísli Thorarensen prófastur Odda	5	116	80
Guðmundur Jónsson lögréttumaður Skildinganesi	5	115	
Sigríður Þorsteinsdóttir, ekkja Jóns Jónssonar sýslumanns á Móeiðarhvoli	4	115	80

Heimild: Þf. Rtk. Jarðabækur V, 5, 7–11, 17 og 22 og „Jarðabók yfir Skálholts biskupsstóls jarðagóz“.

Aths.: Við reikning á landauramati jarða er miðað við það mat sem notað var við sölu jarðanna en ekki hið nýja mat sem tilgreint er í jarðabókunum.

Í fljótu bragði virðist hópur stóreignamanna hafa breyst lítið fyrstu árin eftir sölu Skálholtsjarðanna að öðru leyti en því að þrír eigendur skáru sig nú nokkuð greinilega úr, þ.e. þau Valgerður Jónsdóttir, ekkja Hannesar biskups Finnssonar, mágur hennar, Steindór Finnsson, sýslumaður Árnassýslu, og fyrrverandi tengdafaðir Hannesar, Ólafur Stefánsson sem nú var orðinn stiftamtmaður. Auður Valgerðar sýnir að Hannes Finnsson hefur varla verið á flæðiskeri staddur þegar hann lést, því að þótt fjárhagur Skálholtsstóls hafi verið heldur bágborinn á þeim tíma sem hann gegndi biskupsembætti gátu hann og ekkja hans meira en tvöfaldað eign sína í fyrrverandi Skálholtsjörðum eftir að salan var afstaðin. Hvað Ólaf Stefánsson varðar sést að hann notaði stólsjarðasöluna markvisst til að styrkja veldi sitt á Akranesi og þar í grennd, en nær allar Skálholtsjarðir hans voru sjávarjarðir í Sveitunum sunnan Skarðsheiðar. Það kemur reyndar nokkuð spánskt fyrir sjónir að þessi efasemdamaður um gildi sjávarútvegs fyrir íslenskan efnahag fjárfesti á þennan hátt í sjávarjörðum, en það sýnir að efnahagslegir hagsmunir og pólitískar skoðanir fara ekki alltaf saman.

Þrátt fyrir allt verður ekki sagt að jarðir Skálholtsstóls hafi safnast á fárra manna hendur, þótt vissulega hafi sala þeirra gefið nokkrum auðmönnum tækifæri til að skara eld að sinni köku. Af jarðabókunum má ráða að eigendur Skálholtsjarða voru áfram fjölmargir, langflestir þeirra voru óbreyttir bændur og yfirgnæfandi meirihluti þeirra átti lítið, eða aðeins eina jörð eða jarðarluta. Því eiga fullyrðingar um að háembættismenn hafi átt yfirgnæfandi meirihluta Skálholtsjarða við upphaf 19. aldar ekki við rök að styðjast.⁵⁶

Hvernig tókst til?

Sala Skálholtsjarða virðist í raun hafa gengið framár öllum vonum, því að eftir nokkurt hik í byrjun seldust jarðirnar tiltölulega ört og fyrir viðunandi verð, en það má teljast merkilegt miðað við efna-

⁵⁶ Hér má t.d. vísa til skoðana Einars Hreinssonar sem hann setti fram í riti sínu *Nätverk och nepotism* bls. 237, og grein sinni „En premodern diplomatgerilla. Dansk hierarki möter isländskt nätverk“, *Nätverk som social resurs. Historiska exempel*. Ritsstj. Einar Hreinsson og Tomas Nilson (Lundi 2003), bls. 113. Í greininni segir Einar að Ólafur Stefánsson, Valgerður Jónsdóttir og mágur hennar þrír (Halldór, Jón og Steindór Finnssynir) hafi átt 2/3 fyrrum Skálholtseigna á árunum 1801–1805, en í raun áttu þau „aðeins“ um 15% jarðarhundraðanna og munar þar miklu.

hagsástand landsins á þeim árum sem jarðirnar voru boðnar upp. En, eins og áður kom fram, var yfirlýst markmið stjórnvalda í sjálfu sér ekki að afla sem mests fjár í ríkiskassann, heldur fremur að færa fjárhag biskupsstólsins á tryggari og nútímalegri grundvöll en verið hafði, um leið og ætlunin var að auka sjálfsábúð í landinu, íslenskum bændum til hagsbóta. Rétt er því að huga nánar að því hvort stjórninni varð að þessum óskum sínum.

Hvað fyrri atriðið varðar er ljóst að fyrirheit stjórnvalda gengu illa eftir, a.m.k. fyrst eftir flutning skóla og biskupsembættis til Reykjavíkur. Nokkuð öruggt má telja að stjórnin hafi staðið mjög slæga við skuldbindingar sínar gagnvart síðustu biskupum Skálholtsbiskupsdæmis, þeim Hannesi Finnssyni og Geir Vídalín, þótt það séu örugglega verulegar ýkjur að þeirra hafi beðið hin „aumasta tómthúsmennska, við takmarkaðan fjárfkost“, eins og Þorkell Jóhannesson segir í *Sögu Íslendinga*.⁵⁷ Í það minnsta er ekki annað að sjá en að Hannes Finnsson hafi látið ekkju sinni eftir ágætan arf við dauða sinn árið 1796. Vandræði Hólavallaskóla á fyrstu árum 19. aldar eru einnig alkunn, en hann hefur hlotið hin hraklegustu eftirmæli hjá flestum sem um hann hafa fjallað. Skólahúsið, sem byggt var á árunum 1785–1786, hélt hvorki vatni né vindi og var skólahaldi því hætt í Reykjavík árið 1804 og starfsemin flutt til Bessastaða árið eftir.⁵⁸ Þessi vandræðagangur í rekstri biskupsembættis og skóla stafaði sjálfsagt ekki síst af því að síðustu ár Napóleonsstríðanna voru Dönnum einkar erfið. Endaði sú sorgarsaga með ríkisgjaldþroti árið 1813 og ári síðar tapaðist Noregur til Svía með Kílarfriðnum.⁵⁹ Tímasetning sölu stólsjarðanna var því afar óheppileg fyrir þá sem áttu að njóta teknanna af uppboðunum, því að fallvalt var að treysta á fjárveitingar frá fjarlægum ríkisvaldi á slíkum óvissutímum.

Erfitt er að meta hversu vel tókst að uppfylla síðara markmið stjórnarinnar með jarðasölunni, eins og áður var sagt, því að ekki er vitað að hverju stjórnvöld stefndu. Ljóst er að salan jók sjálfsábúð á

57 Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslands* VII, bls. 149.

58 Árni Helgason, „Skólahættir í Skálholti og í Reykjavíkurskóla hinum forna“, *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju* IV (Kaupmannahöfn og Reykjavík 1907–1915), bls. 74–88. — Árni Óla, *Gamla Reykjavík. Sögukaflar* (Reykjavík 1954), bls. 206–228. — Jón Helgason, *Hannes Finnsson*, bls. 169–183. — Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur* I (Reykjavík 1944, 2. útg.), bls. 146–150.

59 Claus Bjørn, *Danmarks historie X. Fra reaktion til grundlov* (Kaupmannahöfn 1990), bls. 107–129.

Íslandi allnokkuð, því að rúmur fjórðungur fyrrverandi Skálholtsjarða var setinn eigendum sínum við upphaf 19. aldar, en um leið er óhætt að fullyrða að salan olli ein og sér engum straumhvörfum í íslenskri landbúnaðarsögu.⁶⁰ Að hluta til má skýra þetta með því að íslenskir bændur virðast ekki hafa verið sérlega ginnkeyptir fyrir hugmyndum um sjálfsábúð á tíma jarðasölnunnar, enda er alls ekki augljóst að þeir hafi hagnast verulega á því að kaupa ábýlisjarðir sínar. Þetta sést vel ef borin eru saman reiknuð afgangur af jörðum, en með því er átt við samanlagða upphæð landskuldar, kúgildaleigna og kvaða, og vaxtagreiðslur af söluverði jarðanna eins og þau voru reiknuð eftir skilmálum við sölu Skálholtsjarða (þ.e. miðað við 4% vexti). Þar má taka Vatnsleysu í Biskupstungum sem dæmi, en Einar Halldórsson keypti jörðina á uppboði sumarið 1788 á 6 rd. hvert hundrað, eða 344 rd. 72 sk. með þremur kúgildum. Einar greiddi ekkert upp í kaupverðið þegar hann festi sér jörðina, enda var hann ábúandi hennar, og Magnús Stephensen reiknar því vexti af öllu kaupverðinu í skýrslu sem hann sendir stiftamtmani í ágúst 1788.⁶¹ Reyndust þeir vera 13 rd. 75¾ sk., en Einar greiddi reyndar jörðina að fullu strax í október 1788 og þurfti hann því aldrei að inna vextina af hendi.⁶² Afgangur af sömu jörð voru aftur á móti reiknuð til 12 rd. 26 sk. árið 1784,⁶³ þannig að ef Einar hefði tekið allt andvirði jarðarinnar að láni frá ríkinu hefðu vaxtagreiðslurnar verið allmiklu hærrí en það sem hann átti að greiða í afgangur til Skálholts fyrir sölu. Þessi munur varð enn meiri á dýrum jörðum, þ.e. þeim sem seldust fyrir hærrí upphæð en lágmarksupphæðina (6 rd. hvert hundrað). Jörðin Ferjunes í Stokkseyrarhreppi var þannig seld á 437 rd. með eyðijörðinni Rekstokki, en þær fylgdust alltaf að. Vextir af þeirri upphæð hefðu verið 17 rd. 46 sk. ef upphæðin var öll tekin að láni með 4% vöxtum, á meðan afgangur voru aðeins metin á 10 rd. 12 sk. á ári í reikningum Skálholtsstóls. Af þessu má ráða að jarðir Skálholtsstóls voru alls ekki seldar ódýrt ef mið er tekið af þeim afgangur sem þær áttu að gefa af sér þegar þær voru leigðar út, og jarðakaupin hafa því tæplega borgað sig

60 Um þróun sjálfsábúðar á 19. öld, sjá: *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritsstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Reykjavík 1997), bls. 264. — Björn Teitsson, *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*, bls. 151–153.

61 *Í. Stm.* III-204. Bréf Magnúsar Stephensens til stiftamtmanns, 25. ágúst 1788.

62 *Í. Stm.* III-204. „Contra Bog“, bls. 68.

63 *Í. Stm.* III-204. „Regning for Skalhólts Bispestoels Oeconomie“.

nema kaupendurnir vildu binda laust fé í fasteignum fremur en fela það í hirslum sínum.

Tregða bænda við að kaupa ábýlisjarðir sínar stafaði þó ekki síður af því að hugmyndir um mikilvægi sjálfsábúðar miðuðust við allt aðrar aðstæður en ríktu hér á landi við lok 18. aldar — og reyndar löngu eftir það. Líta má á tilraunir stjórnarinnar til að bæta kjör leiguliða og efla sjálfsábúð á Íslandi sem lið í hinum miklu umbótum sem settu mjög ákveðinn svip á danska ríkið á síðari hluta 18. aldar, og þá sérstaklega eftir stjórnarskipti í Kaupmannahöfn árið 1784. Umbæturnar, sem flestar komu leiguliðum mjög vel, voru ekki síst gerðar að frumkvæði danskra landeigenda og var ætlað að styrkja markaðsbúskap í dönskum landbúnaði. Birtist umbótavæðleitnin einkum í svokölluðum landbúnaðarumbótum á síðustu árum 18. aldar (þ.e. *landboreformerne*), en í þeim fólust takmarkanir á vinnukvöðum, afnám átthagafjötra, uppskipting sveitaborpa í sjálfstæð býli og stuðningur við sjálfsábúð.⁶⁴ Allar þessar aðgerðir miðuðu að því að auka frelsi bænda til að haga búskap sínum á þann hátt sem þeim hugnaðist best, og gefa þeim þar með meiri möguleika til að nýta sér hækkandi verð á framleiðsluvörum sínum. Allt til ársins 1807, þegar breski flotinn réðst á Kaupmannahöfn og hertók danska flotann, var mikill uppgangur í dönsku efnahagslífi. Góðærið kom bændum mjög til góða, ekki síst þegar þeir gátu skipt upp eignum sem þeir keyptu og selt frá sér til annarra, og því virðast þeir hafa hagnast vel af því að kaupa ábýlisjarðir sínar.⁶⁵

Í íslenskum landbúnaði var enginn markaðsbúskapur fyrir hendi og lítill áhugi á að koma honum á. Þvert á móti vörðu flestir áhrifamenn þessa tíma hefðir og siði landbúnaðarsamfélagsins með

64 Um helmingur danskra leiguliða mun hafa keypt jarðir sínar á þessum árum, sjá: Ole Feldbæk, „Historikerne og landboreformerne. Traditioner og problemer“, *Historisk tidsskrift* [dantskt] 89 (1989), bls. 51. Um landbúnaðarumbæturnar, sjá: Ole Feldbæk, *Danmarks historie IV. Tiden 1730–1814* (Kaupmannahöfn 1982), bls. 146–194. — Frank E. Hugget, *The Land Question in European Society* (London 1975), bls. 87–98. — Fridlev Skubbeltrang og Kamma Struwe, „Storhandelens gennembrud og de store landboreformer“, *Danmarks historie II*. Ritsstj. J. Hvidtfeldt, A. Steensberg og Ib Koch-Olsen (Albertslund 1951), bls. 49–60. — Axel Steensberg, *Den danske landsby gennem 6000 år* (Kaupmannahöfn 1973), bls. 139–165. — Svend Aage Hansen, *Økonomisk vækst i Danmark I* (Kaupmannahöfn 1976), bls. 58–69.

65 Lotte Dombernowsky, „Ca. 1720–1810“, *Det danske landbrugs historie II, 1536–1810*. Ritsstj. Claus Bjørn (Kaupmannahöfn 1988) bls. 351–359.

kjaftri og klóm, hvort sem þeir fólust í vistarbandi, banni við hús- og lausamennsku, kvöðum á leiguliða eða föstum leigukúgildum. Ólafur Stefánsson amtmaður skrifaði til að mynda grein um jafnvægi bjargræðisvega á Íslandi í *Rit þess íslenska lærdómslistafélags* árið 1786 þar sem hann rökstuddi í löngu máli þá skoðun sína að kvaðir á sjávarjörðum væru réttlátar og afnám leigukúgilda stefndu hag leiguliðanna sjálfra í bráðan voða.⁶⁶ Orðum hans var greinilega beint gegn umbótaviðleitni stjórnarinnar sem birtist m.a. í áður nefndri reglugerð um uppboð Skálholtsjarða og einnig í fyrirspurnum frá stjórnardeildum í Kaupmannahöfn til íslenskra embættismanna á þessum árum um hvort ekki væri rétt að afnema föst leigukúgildi á öllum leigujörðum.⁶⁷ Á meðan íslenskur landbúnaður var njörfaður niður með fornum reglum og bændur áttu nær enga möguleika á að nýta sér frjálstan markað með landbúnaðarvörur er vandséð að þeim hafi verið mikill akkur í að eiga ábýlisjarðir sínar. Vissulega var réttur sjálfseignarbændra tryggari en leiguliða, ekki síst þar sem íslenskir bændur leigðu jarðnæði yfirleitt aðeins til eins árs í senn og fátítt var að gerðir væru skriflegir samningar um leiguna,⁶⁸ en á móti gaf leiguabúðin leiguliðum ákveðinn sveigjanleika sem sjálfseignarbændur höfðu ekki. Í hagkerfi þar sem helsta keppikefli framleiðenda var að framfleyta fjölskyldum en ekki að keppa á kapítalískum markaði gat verið hentugt að skipta um ábýlisjarðir þegar stærð og samsetning fjölskyldunnar breyttist, og þar með tekjupörf bóndans.⁶⁹ Það þarf því ekki að koma á óvart að bændur sóttust ekkert endilega eftir að búa á eignarjörðum sínum um aldmótin 1800, þótt þau viðhorf hafi breyst þegar tímar liðu fram.

66 Ólafur Stefánsson, „Um Jafnvægi Biargrædis=veganna á Íslandi“, *Rit þess Íslenska Lærdóms=Lista Félags VII* (1786), bls. 151–179. Sjá einnig tvær greinargerðir um kúgildi sem Hannes Finnsson samdi einn (*ÞÍ. Landsnefndin síðari*, ad 104, 20. ágúst 1785) og með Ólafi Stefánssyni (*ÞÍ. Landsnefndin síðari*, ad 274, 20. febrúar 1788).

67 Sbr. bréf Kansellis til stiftamtmanns þar sem deilt var á þann sið að leiguliðum væri gert að leigja kúgildi og endurnýja þau ef skepnan drapst. Í bréfinu er gefið í skyn að yfirvöld væru að velta alvarlega fyrir sér hvernig „denne Misbrug kunde afskaffes“; *ÞÍ. Stm. III-17. Kansellibréf til stiftamtmanns*, 7. maí 1785.

68 Sbr.: Guðmundur Jónsson, „Sambúð landsdrottna og leiguliða“, bls. 63–106.

69 Grímur Jónsson amtmaður bendir á þennan mun á „jarðræktarlandinu“ Danmörku og „hirðingjalandinu“ Íslandi í umræðum um kjör leiguliða á Íslandi á árunum upp úr 1830; sama rit, bls. 100.

Niðurstöður

Sala Skálholtsjarða var um margt táknræn fyrir stefnu danskra stjórnvalda í málefnum Íslands á síðari hluta einveldistímans. Að baki ákvörðunar um sölu lá eindreginn vilji konungsvaldsins til að koma á nútímalegu samfélagi á Íslandi og stuðla að því að bændur fengju meira vald yfir landinu sem þeir ræktuðu í þeirri trú að slíkt myndi auka framfaravilja þeirra og atorku — og þar með sjálfsagt tekjur ríkisins. Í þessu drógu danskir ráðamenn lærdóm af því sem var efst á baugi í Danmörku með vaxandi sjálfsábúð bænda og minni höftum á persónulegu frelsi þeirra. En um leið og viðhorf stjórnvalda til Íslandsmála hljóta að teljast frjálsslynd, a.m.k. þegar þau eru borin saman við skoðanir íslenskra embættismanna og meginþorra bænda á síðari hluta 18. aldar og lengst af á hinni 19., þá er greinilegt að lítill hugur fylgdi máli stjórnarinnar í aðgerðum hennar. Ástæðan fyrir því var sennilega sú að þrátt fyrir yfirlýstan framfaravilja stjórnarinnar þá hugsaði hún yfirleitt fyrst og fremst um að ríkissjóður biði sem minnstan fjárhagslegan skaða af þeim umbótum sem hún lagði til og stjórnvöld gerðu ekkert til að fylgja umbótunum eftir þegar á þær reyndi.

Engin ástæða er þó til að draga einlægan umbótavilja stjórnvalda í efa hvað sölu Skálholtsjarða varðar, og sú gagnrýni að jarðirnar hafi verið seldar fyrir lítið á vart við rök að styðjast. Reyndar má líta svo á að með því að selja jarðirnar jafn dýrt og raun ber vitni hafi stjórnin einmitt grafið undan umbótaviðleitni sinni, því að hátt verð gerði fátækum leiguliðum erfitt fyrir að kaupa ábýlisjarðir sínar, um leið og það dró verulega úr ábata þeirra við að kaupa þær. Með þessu vildi stjórnin aftur á móti tryggja sig gegn fjárhagslegu tjóni af endurskipulagningu yfirstjórnar kirkjunnar og skólahalds á Íslandi, og það hefur sjálfsagt, þegar allt kom til alls, skipt ráðamenn meira máli en hagar íslenskra leiguliða. Eins fólst augljós tvískinnungur í afnámi kvaða á jörðum Skálholtsstóls, því að um leið og stjórnin bannaði nýjum eigendum jarðanna að heimta mannlán, hestalan eða dagsverk af leiguliðum sínum, þá reiknuðu yfirvöld þessi afganginn inn í söluverð jarðanna. Slíkt álitu kaupendur gefa sér skýlausan rétt til að heimta áfram þessar kvaðir af leiguliðum á jörðunum eins og ekkert hefði í skorist, og lét stjórnin það viðgangast að mestu átölulaust.

Niðurstaðan virðist því vera sú að í bráð högnuðust leiguliðar lítið á sölu Skálholtsjarða og Skálholtsbiskup og skóli enn síður.

Helst er að sjá að þeir sem keyptu jarðirnar hafi grætt á sölunni, og þá ekki síst vegna þess að þannig komu þeir fjármunum sínum í fast rétt áður en óðaverðbólga og hrun danska peningakerfisins á fyrstu árum 19. aldar gróf undan gildi danska ríkisdalsins. Til lengri tíma markaði salan þó nýja stefnu í íslenskum efnahagsmálum, þar sem fjármögnun opinberra stofnana var færð frá umfangsmiklum rekstri jarðeigna til beinna greiðslna úr ríkissjóði. Á þann hátt stuðlaði salan örugglega í lengd að nútímalegri samfélagsháttum á Íslandi, þótt þau áhrif hafi ekki komið fram að fullu fyrr en löngu síðar.

Abstract

SELLING THE SKÁLHOLT FARMS

The first auction of state property in Iceland, 1785–1798

In 1785 the Danish government decided to sell all of the land owned by the two Icelandic bishoprics, in order to set the finances of the bishoprics and the two church-related schools on a firm foundation. One reason for the sale was that poor conditions in the latter part of the 18th century had made it difficult for the bishops to collect fees on their land, and therefore difficult for them to operate the schools and bishoprics. Another aim of the sale was to increase owner-occupation in Iceland, since the government was convinced that farmers who owned their land generally farmed better and were more likely to improve their land than tenants. This article considers the sale of the Skálholt farm properties as seen through documents in public archives, which bring to light that most of the Skálholt bishopric's land holdings were sold during the period of 1788 to 1798, and rendered satisfactory prices. Another point brought out is that although the conditions of sale were supposed to encourage the purchase of land by its tenants, nearly 2/3 of the properties ended up in the hands of others. A survey of land ownership at the beginning of the 19th century confirms this conclusion, because at that time only a little over one-quarter of the farms were owned by the farmers themselves. In addition, the conditions of sale were intended to increase the distribution of land ownership; that goal seems largely to have been achieved. Even though some landowners did in fact take the opportunity to increase their holdings, the overwhelming majority of buyers purchased a single farm or less.

In view of the short term, the sale of the Skálholt properties seems to have failed miserably. Thus the great majority of these farms continued to be rented by the operators, and the improved rights that such tenants were supposed to receive through the sale seem not to have been realised. Likewise, the collapse of the Danish financial system in the first half of the 19th century put bishop and

SALA SKÁLHOLTSJARÐA

97

school finances into disarray in the opening years of the 19th century, so that many people assumed these institutions had suffered heavily through losing the income from their lands. Considering the longer term, however, the sale was evidently to the benefit of Icelandic farmers, because owner-occupation gradually increased as the century progressed. The sale of state properties was of course a prerequisite for this increase, since by definition state-owned land could not be that of owner-occupiers.

